

GJALDSKRÁ fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Svalbarðsstrandarhreppi

1. gr.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á árlegt sorpgjald í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir	kr. 47.040,-
Frístundahús	kr. 19.185,-
Stærri býli	kr. 89.110,-
Minni býli	kr. 30.325,-
Fyrirtæki A	kr. 47.040,-
Fyrirtæki B	kr. 89.115,-
Fyrirtæki C	kr. 191.225,-

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni sorps.

Gjald vegna sorphirðu hræðýragáms er sem hér greinir:

Nautgripir	kr. 756 pr. stk.
Hross	kr. 378 pr. stk.
Sauðfé	kr. 138,6 pr. stk.
Hænur	kr. 24,6 pr. stk.

3. gr.

Heimilt er sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps að veita 50% afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega frá gjaldskrá fyrir íbúðir þar sem þeir eiga lögheimili.

4. gr.

Gjöld vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum og stofnunum er skv. gjaldskrá móttökuaðila. Fyrirtæki sem kjósa að nýta sér gáma á vegum sveitarfélagsins skulu greiða sorpgjald skv. gjaldskrá.

Heimilt er að leggja álag á fyrirtækjagjald samkvæmt mati sveitarstjórnar á sorpmagni frá viðkomandi fyrirtæki, þannig að tryggt sé að gjaldið standi undir þjónustunni.

5. gr.



Svalbarðsstrandarhreppur

Ráðhúsinu Svalbarðseyri - 601 Akureyri

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1428/2020.

Gildistaka

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 59.gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi 1. Janúar 2021.

Samþykkt á 81.. fundi Sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 13. desember 2021.

Björg Erlingsdóttir, Sveitarstjóri

